

Neyðarlínan ohf.

Ársreikningur
2023

Neyðarlínan ohf.
Skógarhlíð 14
101 Reykjavík

Kt. 511095-2559

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun Ríkisendurskoðunar	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins

Neyðarlínan ohf. var stofnuð í október 1995. Tilgangur félagsins er rekstur neyðarvaktstöðvar vegna samræmda neyðarnúmersins 112, almenn svörun neyðarboða og skyldur rekstur. Rekstur neyðarstöðvar er í samræmi við lög nr. 40/2008 um samræmda neyðarsvörun. Félagið ber einnig ábyrgð á rekstri vaktstöðvar siglinga í samræmi við lög nr. 41/2003 og Tetra neyðar- og öryggisfjarskiptapjónustu í samræmi við lög nr. 70/2022 fyrir löggæslu og aðra viðbragðsaðila, björgunarsveitir, orkufyrirtæki og fleiri.

Starfsemin á árinu

Starfsemi 112 gekk nokkuð vel þrátt fyrir að mikil veikindi hafi haft þó nokkur áhrif framan af ári. Stigin voru fyrstu skref í átt að því markmiði að vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar 112, Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra (FMR), vaktstöð siglinga (VSS) og stjórnstöð Landhelgisgæslunnar verði í sama rými sbr. fyrirætlun innra skipulags í nýju húsnæði fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu og fyrir Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna (SST). Samstarf við FMR var eftl með því að stjórnendur FMR og 112 hittast nú reglulega til að samþætta starfsemina. Á 112 daginn var undirritaður viðauki við þjónustusamning Neyðarlínunnar og dómsmálaráðuneytisins vegna framtíðarreksturs upplýsingavefsvæðis um ofbeldi (ofbeldisgátt) sem hýst er á heimasíðu 112. Jarðhræringar og eldgos á Reykjanesi settu mikinn svip á starfsemi ársins og sendi Neyðarlínan m.a. út váboð til yfir 800 þúsund viðtakenda þar sem varað var við yfirvofandi vá tengdum þessum atburðum. Húsnæðismál Björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð tóku óvænta stefnu þegar mygla greindist víðsvegar í húsinu og m.a. í rýmum vaktstöðva og SST. Undir lok árs óskuðu framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar, ríkislögreglustjóri og forstjóri Landhelgisgæslunnar eftir því við dómsmálaráðuneytið að vinna yrði sett í gang til að tryggja starfseminni bráðabirgðahúsnæði á meðan viðgerð færi fram í Björgunarmiðstöðinni. Sú vinna hófst undir lok árs með aðstoð Framkvæmdasýslu ríkiseigna (FSRE).

Tetra þjónustan gekk vel á árinu og notendum heldur áfram að fjölga. Tetra kerfið var í góðu ástandi og skilar sér þar vinna undanfarinn áratug við að styrkja kerfið og rekstur þess. Meðaluppitími senda árið 2023 var 99,92% en hann var 99,90% á árinu 2022. Einn hálendisstaður dregur meðaltalið talsvert niður. Án hans er meðaluppitími 99,96%. Settir voru upp sendar í miðbæ Reykjavíkur og afkastageta kerfisins aukin vegna leiðtogafundar Evrópuráðsins vorið 2023. Að auki var settur upp sendir á Teygingalæk á suðausturlandi og þrír sendar í tengslum við jarðhræringar á Reykjanesi ásamt því að styrkja kerfið þar á ýmsan máta. Miðkerfið var uppfært og stækkað í september og við það er hægt að fjölga sendum um allt að 100. Í árslok voru 202 sendar uppsettir í kerfinu auk færanlegra senda og endurvarpa, sem eru á um 40 stöðum víðsvegar um landið. Eins og undanfarin ár var mikil endurnýjun á Tetra farstöðvum og voru talsverðar annir við að útvega og forrita nýjar stöðvar meðal annars í tengslum við leiðtogafundinn.

Félagið rekur nú um 140 fjarskiptastaði um land allt sem kallar á talsvert viðhald og endurnýjun. Byggt var ný fjarskiptastöð nærri Flateyri í Öfundafirði á árinu. Einnig var áfram unnið að því að bæta varaafli með uppsetningu vararafstöðva. Gerðar voru ráðstafanir til að minnka brennslu eldsneytis með tengingu fjarskiptastöðva við raforkukerfi landsins og uppsetningu nýrrar hleðslutækni og rafgeymalausna sambærilegar þeim sem eru í rafbilum.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Á árinu 2023 voru uppköll til vaktstöðvar siglinga rétt rúmlega 94 þúsund og fjölgar uppköllum um tæpt þúsund frá 2022. Handvirkar inn- og útmeldingar voru 14 og 45 þúsund, sem er mjög svipaður fjöldi og var 2022. Fjölgun í tilkynningum með smáforriti var um þrjú þúsund, þessa fjölgun má eins og fyrr líklega rekja til aukningar í ferðamannaferðum eins og t.d. hvalaskoðunum en einnig því að yngri skipstjórnamenn eru vanir notkun snjallsíma. Á vaktstöð siglinga var unnið að þéttingu þjónustu með viðbótar rásum og endurnýjun AIS senda. Unnið var að áframhaldandi þróun vöktunarkerfisins með viðbótum og endurnýjun á kjarna þess. Einnig var unnið að endurnýjun á miðkerfi fjarskiptahluta vaktstöðvarinnar og lauk því verki í mars 2024.

Alþjónustukvöð sem lögð var á félagið á árinu 2020 fylgdu fá verkefni á árinu. Að mestu var lokið við að slökkva á gömlu símtöðvunum og er því verkefnum tengt þeim kynslóðaskiptum í fjarskiptum að langmestu leiti lokið. Neyðarlínan tók einnig áfram þátt í undirbúningsvinnu við fyrirhugaða þéttingu farsímaþjónustu á stofnvegum landsins í tengslum við endurnýjun tíðniheimilda. Tilgangur með þátttöku Neyðarlínunnar í þessu verkefni er nú sem fyrr að tryggja að sem víðast verði hægt að hringja í 112.

Í árslok störfuðu 45 starfsmenn hjá Neyðarlínunni, þar af voru 28 hjá 112, 12 í tæknideild sem þjónar Tetra, Vaktstöð siglinga, mannvirkjum og alþjónustu og loks 5 á skrifstofu. Nýr framkvæmdastjóri, Jón Svanberg Hjartarson, kom til starfa 1. janúar og tók við keflinu af Þórhalli Ólafssyni sem lét af störfum í lok árs 2022, eftir rúmlega tveggja áratuga starf. Stjórnskipulegar breytingar voru gerðar á árinu og samhliða var sett saman framkvæmdastjórn sem tók til starfa 1. apríl en í henni eiga sæti, auk framkvæmdastjóra, rekstrarstjóri, forstöðumaður dreifikerfa, varðstofustjóri og fjármálastjóri. Þegar leið á árið ollu verkefni vegna almannavarnaástands og tíðra jarðhræringa á Reykjanesi auknu álagi á starfsfólk.

Samkvæmt rekstrarreikningi varð hagnaður af rekstri félagsins að fjárhæð 24,8 millj. kr. á árinu 2023. Eignir félagsins námu 569 millj. kr. og eigið fé nam 297 millj. kr. í árslok 2023 samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 15,5 millj. kr.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2024 vegna ársins 2023, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Eignarhald

Í lok og upphafi ársins var einn eigandi að félaginu, Ríkissjóður Íslands með 100% eignarhlut.

Staðfesting ársreiknings

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok 2023, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun félagsins á árinu 2023, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. júní 2024.

Stjórn og framkvæmdastjóri:

Guðmundur Axel Hansen
Ingilín Kristmannsdóttir
Sigríður Björk Guðjónsdóttir

Ragna Bjarnadóttir
Runólfur Birgir Leifsson

Jón Svanberg Hjartarson

Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Neyðarlínunnar ohf.

Álit

Ársreikningur Neyðarlínunnar ohf. fyrir árið 2023 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Neyðarlínunnar ohf. 31. desember 2023, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Neyðarlínunni og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lögum ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Neyðarlínunnar ohf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun Ríkisendurskoðunar, frh.:

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 3. júní 2024

Guðmundur Björgvin Helgason
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur	12	1.888.158.944	1.592.814.275
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	657.339.830	632.027.986
Rekstur tækni- og fjarskiptabúnaðar		743.731.232	640.815.762
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		99.324.850	79.444.978
Rekstur húsnæðis		193.415.924	144.615.804
Rekstur varðstofu		136.406.160	101.670.640
Rekstur bifreiða		17.970.619	19.516.570
Afskriftir	5	3.931.828	4.651.596
		1.852.120.443	1.622.743.336
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir fjármunat. og fjármagnsgj.		36.038.501	(29.929.061)
Vaxtatekjur		783.797	706.312
Vaxtagjöld		(4.040.621)	(3.262.693)
Gengismunur		(1.674.950)	(3.706.000)
Áhrif hlutdeildarfélags	8	0	30.509.421
		(4.931.774)	24.247.040
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		31.106.727	(5.682.021)
Tekjuskattur	2	(6.225.386)	7.234.529
Hagnaður ársins	11	24.881.341	1.552.508

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Rekstarfjármunir	5	10.736.779	11.510.853
Eignarhlutur í félagi	8	311.489.994	311.489.994
Tekjuskattseign	9	4.539.918	9.900.567
Fastafjármunir		<u>326.766.691</u>	<u>332.901.414</u>
Birgðir		31.391.111	79.207.594
Viðskiptakröfur		85.183.621	31.838.093
Krafa á tengda aðila	12	72.219.077	98.400.900
Aðrar skammtímakröfur		2.217.402	3.990.676
Virðisaukaskattur, inneign		50.577.848	2.005.262
Handbært fé		1.109.455	2.026.385
Veltufjármunir		<u>242.698.514</u>	<u>217.468.910</u>
Eignir samtals		<u>569.465.205</u>	<u>550.370.324</u>
Eigið fé			
Hlutfé	10	15.485.000	15.485.000
Bundið eigið fé		246.705.728	246.705.728
Óráðstafað eigið fé		34.626.631	9.745.290
Eigið fé	11	<u>296.817.359</u>	<u>271.936.018</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		8.999.102	73.148.801
Viðskiptaskuldir		117.926.360	127.845.342
Skuldir við tengda aðila	12	64.013.432	0
Aðrar skammtímaskuldir		81.708.952	77.440.163
Skammtímaskuldir		<u>272.647.846</u>	<u>278.434.306</u>
Skuldir samtals		<u>272.647.846</u>	<u>278.434.306</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>569.465.205</u>	<u>550.370.324</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar um Neyðarlínuna

Neyðarlínan ohf. er sjálfstætt starfandi opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Höfuðstöðvar félagsins eru að Skógarhlíð 14, Reykjavík.

Tilgangur félagsins er rekstur stjórnstöðvar vegna samræmdrar neyðarsvörunar, almenn svörun neyðarboða, skipulagning viðbraqða, rekstur öryqqis- og fjarskiptakerfa og skyldur rekstur..

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörstegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikning.

c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar hún hefur verið innt af hendi.

d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frá dregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Áhöld, tæki og innréttingar	5 ár
Bifreiðar	5 ár

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

e. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup.

f. Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreakningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

g. Birgðir

Birgðir endursöluvara eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til rýrnunar.

h. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

Skýringar, frh.:

i. Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstíð.

Tekjuskattseign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun á efnahagsliðum samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og reikningsskilum félagsins hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar aðallega um tímamismun að ræða þar sem gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

3. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2023	2022
Laun	511.658.265	492.473.661
Launatengd gjöld og ýmis starfsmannakostnaður	145.681.565	139.554.325
Laun og launatengd gjöld samtals	657.339.830	632.027.986
Ársverk	42,5	43,5
Laun stjórnar og framkvæmdastjóra	28.774.336	30.161.320

4. Tekjuskattur

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2023	2022
Hagnaður (tap) fyrir skatta	31.106.727	(5.682.021)
Tekjuskattur samkvæmt		
gildandi skatthlutfalli	20,0% (6.221.345)	20,0% 1.136.404
Hlutdeild í rekstri hlutdeildarfélags	0,0% 0	107,4% 6.101.884
Annað	0,0% (4.040)	(0,1%) (3.759)
Virkur tekjuskattur	20,0% (6.225.385)	127,3% 7.234.529

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Áhöld og tæki	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1.1.2023	10.630.368	70.606.400	81.236.768
Viðbót á árinu	4.421.081	0	4.421.081
Selt á árinu	0	(12.633.270)	(12.633.270)
Niðurlagt á árinu	0	(2.905.000)	(2.905.000)
Stofnverð 31.12.2023	15.051.449	55.068.130	70.119.579
Afskrifað samtals 1.1.2023	9.379.125	60.346.790	69.725.915
Selt á árinu	0	(11.369.943)	(11.369.943)
Niðurlagt á árinu	0	(2.614.500)	(2.614.500)
Afskrifað á árinu	1.072.423	2.568.905	3.641.328
Afskrifað samtals 31.12.2023	10.451.548	48.931.252	59.382.800
Bókfært verð 1.1.2023	1.251.241	10.259.612	11.510.853
Bókfært verð 31.12.2023	4.599.901	6.136.878	10.736.779
Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna			3.641.328
Niðurlagt á árinu			290.500
Afskriftir samtals			3.931.828

Skýringar, frh.:

6. Leigusamningar

Félagið hefur gert leigusamning um hluta eignar að Skógarhlíð 14, Reykjavík. Skuldbinding vegna þessa hefur ekki verið færð í efnahagsreikning en hún nemur 160 millj. kr. í árslok á verðlagi í lok ársins. Samningurinn er tímabundinn og líkur 1. nóvember 2028 en er þó heimilt að segja upp með árs fyrirvara frá og með 1. nóvember 2022. Jafnframt hefur félagið gert leigusamninga við nokkra aðila um leigu fyrir búnað í möstrum eða fjarskiptahúsum og nemur samtals skuldbinding vegna þeirra 41 millj. kr. í árslok 2023. Samningarnir eru ótímabundnir með 1-12 mánaða uppsagnarfresti. Leigugjöld ársins nema 79,5 millj. kr. og eru færð til gjalda meðal reksturs húsnæðis í rekstrarreikningi. Leiguskuldbinding félagsins skiptist með eftirfarandi hætti á næstu ár.

Leiguskuldbinding vegna næstu fimm ára	200.966.715
Samtals leiguskuldbinding 31.12.2023	200.966.715

Félagið leigir jafnframt fjarskiptakerfi, fjarskiptastöðvar og annað því tengt af Öryggisfjarskiptum ehf. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2018 og gildir þar til annar hvor samningsaðila segir honum upp. Samningurinn er uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara. Leigugjöld ársins nema 399 millj. kr. og eru færð meðal rekstrar- tækni og fjarskiptabúnaðar í rekstrarreikningi.

7. Vátryggingarverð

Vátryggingarverð lagers, áhalda, tækja og bifreiða nam 359 millj. kr. í árslok en bókfært verð nam 42 millj. kr.

8. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi greinast þannig:

	2023	
	Eignarhlutur	Bókfært verð
Öryggisfjarskipti ehf.	14%	311.489.994

Hlutafé Öryggisfjarskipta ehf. var aukið um 500 millj.kr. í janúar 2023 án þátttöku Neyðarlínunnar ohf. Við þá hlutafjárútkningu lækkaði eignarhluti í Öryggisfjarskiptum ehf. niður fyrir 20% og flokkast eignarhlutinn því ekki lengur sem hlutdeildarfélag samkvæmt 22.tl. 2.gr. laga um ársreikninga. Við framangreinda breytingu verður ekki tilfærsla á bundnum hlutdeildarreikningi meðal eiginfjár yfir á óráðstafað eigið fé, fyrr en eignarhluturinn er seldur að hluta eða öllu leyti. Bókfært virði eignarhlutans í árslok 2022, myndar nýtt kostnaðarverð sem síðan er metið fyrir virðisrýrnun árlega.

Skýringar, frh.:

9. Tekjuskattseign

	2023	2022
Reiknuð skatteign í ársbyrjun	9.900.567	2.666.038
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	(6.225.386)	7.234.529
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	864.737	0
Reiknuð skatteign í árslok	4.539.918	9.900.567
Tekjuskattseign skiptist þannig:	31.12.2023	31.12.2022
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.917.574	2.215.221
Viðskiptakröfur	1.151.950	600.000
Vörubirgðir	0	(792.076)
Gengismunur	470.394	535.387
Yfirfæranlegt skattalegt tap	0	7.342.035
Tekjuskattseign í árslok	4.539.918	9.900.567

Tekjuskattseign er færð upp í ársreikningi félagsins fyrir árið 2023. Félagið var á árum áður rekið með skattalegu tapi og ekki markmið félagsins að vera rekið með hagnaði heldur að veita eins góða þjónustu og hægt er miðað við það fjármagn sem félagið hefur yfir að ráða. Nú hefur hins vegar verið skattalegur hagnaður á rekstri félagsins undanfarin ár og er það mat stjórnenda að rétt sé að færa upp tekjuskattseign og reikna tekjuskatt í rekstrarreikningi. Reiknaður tekjuskattur sem kemur til greiðslu 2024 vegna ársins 2023 er að fjárhæð 865 þús.kr.

10. Hlutfé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 15.485.000 kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

11. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023	15.485.000	246.705.728	9.745.290	271.936.018
Hagnaður ársins	0	0	24.881.341	24.881.341
Eigið fé 31.12.2023	15.485.000	246.705.728	34.626.631	296.817.359
Bundið eigið fé greinist þannig:	Lögbundinn varasjóður	Yfirverð hlutafjár	Hlutdeildar- reikningur	Samtals
Staða 1.1.2023	3.871.250	89.914.713	152.919.765	246.705.728
Staða 31.12.2023	3.871.250	89.914.713	152.919.765	246.705.728

Hlutfé Öryggisfjarskipta ehf. var aukið um 500 millj.kr. í janúar 2023 án þátttöku Neyðarlínunnar ohf. Við þá hlutafjárukningu lækkaði eignarhluti í Öryggisfjarskiptum ehf. niður fyrir 20% og flokkast eignarhlutinn því ekki lengur sem hlutdeildarfélag samkvæmt 22.tl. 2.gr. laga um ársreikninga. Við framangreinda breytingu verður ekki tilfærsla á bundnum hlutdeildarreikningi meðal eiginfjár yfir á óráðstafað eigið fé, fyrr en eignarhluturinn er seldur að hluta eða öllu leyti.

Skýringar, frh.:

12. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar um tengda aðila eru eftirfarandi:

		Endurrukkaður					
	Seld þjónusta	kostnaður og þjónusta	Leigu- greiðslur	Vextir gjaldfærðir	Krafa	Skuld	
Árið 2023							
Öryggisfjarskipti ehf.	24.728.953	278.931.461	398.992.992	1.809.515	0	64.013.432	
Ríkissjóður og tengdir aðilar .	541.576.857	93.190.768	0	0	72.219.077	0	
	<u>566.305.810</u>	<u>372.122.229</u>	<u>398.992.992</u>	<u>1.809.515</u>	<u>72.219.077</u>	<u>64.013.432</u>	
Árið 2022							
Öryggisfjarskipti ehf.	29.187.000	362.565.700	367.072.004	2.809.516	32.083.646	0	
Ríkissjóður og tengdir aðilar .	453.130.210	81.398.736	0	0	66.317.254	0	
	<u>482.317.210</u>	<u>443.964.436</u>	<u>367.072.004</u>	<u>2.809.516</u>	<u>98.400.900</u>	<u>0</u>	

Félagið á í töluverðum viðskiptum við Öryggisfjarskipti ehf. sem felur fyrst og fremst í sér leigugjöld en einnig sér Neyðarlínan ohf. um innkaup á ýmsum búnaði, eignum og þjónustu sem félagið rúkkar Öryggisfjarskipti ehf. fyrir. Endurrukkaður útlagður kostnaður er færður til lækkunar á gjöldum í rekstrarreikningi og er endurseldur á kostnaðarverði. Leigugjöld eru færð meðal rekstur tækni- og fjarskiptabúnaðar í rekstrarreikningi.

Meðal rekstrartekna er framlag ríkissjóðs að fjárhæð 1.069 millj.kr. (2022: 960 millj. kr.).